42. fundur skipulagsnefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð, miðvikudaginn 10. júní 2026
og hófst hann kl. 16:30

Fundinn sátu:
Hilmar Hallvarðsson, Kári Geir Jensson, Þorsteinn Már Ragnarsson, Sigurður Grétar Jónasson, Þuríður Ragna Stefánsdóttir og Gyða Steinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Þuríður Ragna Stefánsdóttir, skipulagsfulltrúi

Skipulagsfulltrúi bar upp tillögu um að eftirfarandi mál verði tekið inn á dagskrá fundarins
með afbrigðum:

- 2003019 - Erindisbréf skipulagsnefndar

Dagskrá:

1. **Erindisbréf skipulagsnefndar - 2003019**

   Lagt fram erindisbréf skipulagsnefndar. Gyða Steinsdóttir, fjármála- og skirfstofustjóri, kemur til fundar og gerir grein fyrir erindisbréfinu.

   Lagt fram til kynningar. Skipulagsnefnd þakkar Gyðu fyrir greinargóða yfirferð.

2. **Garðaflöt 6, stækkun á bílskúr - 2605030**

   Sótt er um leyfi til að stækka bílskúr og byggja við hann gróðurhús.
   Í ljósi þess að ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu vísar byggingarfulltrúi erindinu til skipulagsnefndar.

   Skipulagsnefnd heimilar stækkun á gróðurhúsi og bílskúr, en telur að grenndarkynna skuli erindið fyrir Garðaflöt 4 og 8. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að kynna erindið fyrir Garðaflöt 4 og 8.

3. **Erindi vegna rangt skráðra eða óskráðra fasteigna - 2606030**

   Lagt fram erindi vegna ábendinga um óskráð mannvirki.

   Skipulagsfulltrúi kynnti erindið. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa í samstarfi við byggingarfulltrúa að skoða nánar skráningarmál eigna í sveitarfélaginu og setja í gang átak við óskaðar fasteignir.

4. **Nesvegur 18, viðbygging - 2606021**

   Sótt er um að byggja við eignarhluta 0104 til norðurs. Stækkun um 38,4m2.
   Byggingarfulltrúi vísar erindinu til skipulagsnefndar þar sem farið er út fyrir byggingarreit skv. gildandi deiliskipulagi Hafnarsvæðis við Skipavík.

   Skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem breytingin samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

5. **Aðalgata 17 - 2508001**

Lagðar fram fyrstu teikningar af húsi sem fyrirhugað er að byggja á lóðinni Aðalgata 17. Þar er gert ráð fyrir verslunarrými og kaffihúsi/Bistro á neðri hæð og gistirými á efri hæð. Enn fremur er óskað eftir því að deiliskipulag Miðbæjar Stykkishólms verði skoðað með mögulegri breytingu.

Skipulagsfulltrúi kynnti erindið. Skipulagsnefnd samþykkir að láta vinna breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar Stykkishólms og telur breytinguna vera óverulega sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal fyrir Aðalgötu 15 og 15 a og Laufásvegi 10 og 12.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

Hilmar Hallvarðsson	Kári Geir Jensson
Þorsteinn Már Ragnarsson	Sigurður Grétar Jónasson
Þuríður Ragna Stefánsdóttir	Gyða Steinsdóttir